

Almenningssamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum

Íbúar Ísafjarðarbæjar hafa í þó nokkur ár kallað eftir betri lausnum í almenningssamgöngum á milli byggðarkjarna í Ísafjarðarbæ m.a. svo börn geti sótt íþróttæfingar og aðrir tómstundir, svo eitthvað sé nefnt. Eins og staðan er í dag býður sveitarfélagið upp á 4-6 ferðir á dag á virkum dögum á milli Ísafjarðar og Hnífsdals/Holtahverfis/Flateyri/Suðureyri/Þingeyri. Íbúum finnst þeir oft þurfa að bíða lengi eftir að komast heim eftir að erindum/æfingum hefur verið sinnt. Það er því tímabært að taka almenningssamgöngur í Ísafjarðarbæ til endurskoðunar.

Jafnframt er vert að skoða málið í víðara samhengi og kanna hvort áhugi sé á samstarfi í almenningssamgöngum milli sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum. Nú eru t.d. börn frá Ísafjarðarbæ að sækja íþróttæfingar í Bolungarvík og nota svokallaða frístundarútu til þess. Með bættum almenningssamgöngum sjá jafnvel íbúar í Súðavík tækifæri til að iðka tómstundir og sækja þjónustu sem ekki eru í boði í þeirra sveitarfélagi.

Bæjarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks leggja því til að bæjarráð Ísafjarðarbæjar feli bæjarstjóra að óska eftir samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurbrepp við að endurskoða almenningssamgöngur á milli sveitarfélaganna og byggðarkjarna. Einnig að kannaður sé möguleikinn á aðkomu Fjórðungssambands Vestfjarða að verkefninu. Sé vilji fyrir slíku samstarfi er lagt til að skipaður verði vinnuhópur sem hvert sveitarfélag og FV eiga fulltrúa í.